



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 14. Janúar 2020
Tilvísun í mál: R19060224

Til borgarráðs
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðveru starfsmanns tæknideildar á meðan fundum ráðsins stendur.

Vísað er til bréfs, dagsett þann 28. júní 2019, þar sem óskað er eftir umsögn þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðveru starfsmanns upplýsingatæknideildar á meðan fundum stendur.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri



Reykjavík, 14. janúar 2020

R19060224

ÞON

ÓJS

Lagt fyrir fund borgarráðs 23. janúar 2020

Umsögn

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni:

Á fundi borgarráðs þann 27. júní 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir og leggur til að tölvumaður verði ávallt til staðar í Ráðhúsinu þegar fundir eru í gangi. Sýnt hefur að það getur skapast ófremdarástand ef tæknivandamál koma upp á miðjum fundi og ekki er hægt að ná í tölvumann. Slíkt ástand getur leitt til þess að viðkomandi borgarfulltrúi getur ekki komið frá sér málum sínum og bókunum þar sem ekki er hægt að gera það eftir að fundi er slitið.

Samþykkt var að vísa tillögunni til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðis, með bréfi dagsettu þann 28. júní 2019.

Greinargerð:

Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu er ein af skrifstofum þjónustu- og nýsköpunarsviðs og hefur á höndum upplýsingatæknirekstur og -þjónustu Reykjavíkurborgar, þar með talið notendapjónustu í Ráðhúsi Reykjavíkur. Upplýsingaþjónustan hefur um árabíl sinnt tækniþjónustu við fundi borgarráðs sem og borgarstjórnar, með viðveru tæknimanns í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Atvik eins og tillagan vísar til geta komið upp, en eru afar sjaldgæf. Skrifstofunni þykir miður að tæknimaður hafi verið fjarverandi á umræddum fundi. Óviðráðanlegar aðstæður gerðu það að verkum að ekki reyndist unnt að fyllta í skarð hans þennan umrædda dag. Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu mun nú sem áður einblína á að veita borgarráði og borgarstjórn fyrirtaks tækniþjónustu á fundum ráðsins.

Niðurstaða:

Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu hefur um árábil sinn tækniþjónustu við fundi borgarráðs og ekki stendur til að falla frá því fyrirkomulagi né gera breytingu á þjónustustigi.

Virðingarfyllt,
Óskar J. Sandholt